

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/1375
komudagur 5.3.2012

Vísað er til tölvupósta nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 8. febrúar sl., þar sem leitað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343. mál og tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011--2022, 342. mál.

Hér fyrir neðan fylgir sameiginleg umsögn ríkislögreglustjóra um báðar þingsályktunartillögurnar.

Í þingsályktunartillögunum er sett fram mörg mjög brýn og þörf markmið um aukið öryggi þjóðfélagslega mikilvægra fjarskiptainnviða. Þó er á það bent að markmið um að setja fram myndrænar upplýsingar um fjarskiptastaði og fjarskiptakerfi kunna ef þau eru of ítarleg að stangast á við öryggsmál viðkomandi staða og kerfa og er varað við því.

Fagnað er markmiðum um að sett verði stefna stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi og vernd ómissandi upplýsingainnviða er varða þjóðaröryggi. Nútíma samfélag byggir mikið á fjarskiptum og eru þau hluti af ómissandi samfélagsinnviðum. Fram þarf að fara kortlagning ómissandi fjarskiptainnviða, greining á veikleikum og efling á áfallaþoli. Mikilvægt er að komið verði á skipulagi á öryggisstjórnun á grunnstoðum, mótaðar viðbragðsáætlanir um viðbrögð við hinum margvíslegu ógnum og komið á neyðarsamstarfi fjarskiptafyrirtækja. Þá verði þeirri skipan komið á að fram fari reglubundnar æfingar til þess að bregðast svið stóráföllum. Stofnun CERT ÍS öryggis- og viðbragðsteymi er mikilvægur áfangi í því að tryggja öryggi fjarskiptainnviða.

Einnig er mikilvægt að tryggja fjarskiptainnviði Stjórnarráðsins og mikilvægra stofnana. Um er að ræða starfsemi sem fellur undir þjóðhagslega ómissandi samfélagsinnviði. Huga þarf að því að komið verði á sérstöku öryggisstofnneti vegna slíkrar starfsemi. Þá er brýnt að skilgreina kröfur til neyðarfjarskipta og skýra lagalega og stjórnsýslulega ábyrgð varðandi þau.

Áréttað er þar sem um öryggismál er að ræða varðandi ofangreind atriði að einn af öryggisþáttunum í því að tryggja öryggi kann að felast í því að takmarka vitneskju um viðkvæma og þjóðfélagslega mikilvæga fjarskiptainnviði.

Bætt úrræði ábyrgðaraðila til að minnka líkur á misnotkun á netinu og að eftirlitsaðilum verði tryggð úrræði til að koma í veg fyrir og stöðva misnotkun á netinu er mikilvægur þáttur í baráttu við svo sem kynferðislegri misnotkun barna á netinu.

F.h. RLS

Jón F. Bjartmarz / Thelma Cl. Þórðardóttir